

Því dæmist rétt vera:

Afrýjanda þessa máls, félaginu The British North Western Syndicate Ltd. ber allur veiðiréttur í efra hluta Elliðaáanna, í svonefndri Bugður og Hólmsá fyrir öllu landi jarðarinnar Grafar, nú Grafarholts í Mosfellssveit.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi fellur niður.

Mánudaginn 5. febrúar 1917.

Nr. 62/1916.

Margrét Arnason

gegn

skiftaráðandanum í dánarbúð Ólafs Árnasonar, settum sýslumanni Eiríki Einarssyni, og fjárhaldsmanni og meðráðamanni barna Ólafs Árnasonar, þeim Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni og Jóni Þórarinssyni fræðslumálastjóra, og Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmanni f. h. Minningarsjóðs Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur.

D ó m u r:

Áfrýjandi þessa máls, frú Margrét Árnason hér

í bænum hefir skotið til yfirdómsins úrskurði upp-
kveðnum í skiftarétti Árnassýslu 19. seft. f. á. við
skifti á dánarbúi Ólafs Árnasonar framkvæmdarstjóra
frá Stokkseyri, manns áfrýjanda, er hún var skilin
við að borði og sæng. Krafðist áfrýjandi fyrir skifta-
réttinum, að sér væru greiddar úr dánarbúinu 250
kr. á mánuði til framfærslu 4 börnum þeirra Ólafs
Árnasonar, tveimur í ómegð og tveimur uppkomnum,
sem öll eru hjá henni. En Eggert Claessen yfirrétt-
armálaflutningsmaður mótmælti því sem kröfuhafi í
búinu fyrir hönd Minningarsjóðs Jóhanns Jóhannes-
sonar og Sigurbjargar Guðnadóttur, að áfrýjanda væri
greitt meira úr búinu til framfærslu börnunum en
150 kr. á mánuði, og kvað skiftarétturinn upp fyr-
greindan úrskurð um þetta ágreiningsefni á þá leið,
að áfrýjanda skyldu greiddar af fé búsins 175 kr. á
mánuði til framfærslu og uppeldis börnum hennar og
Ólafs Árnasonar frá 1. okt. f. á., þangað til seinni
skiftafundur í búinu gerði aðra ráðstöfun.

Fyrir yfirréttinum heldur áfrýjandi fram sömu
kröfu og fyrir skiftaréttinum, og krefst enn fremur að
mótstöðumenn sínir verði dæmdir til að greiða henni
málkostnað eftir mati réttarins. Þá hefir áfrýjandi
beint þeim »tilmælum« eða »áskorun« til réttarins,
að 2 af yfirréttardómendum, justitiarius og annar
meðdómandi, viki úr dómarasæti í máli þessu, og
skal það þegar tekið fram í þessu efni, að hvorugur
þessa dómara hefir haft nokkur afskifti af búi Ólafs
Árnasonar fyr en nú, er málefni búsins hafa komið
undir dóm réttarins, og hvorugur þeirra er að neinu
leyti eða hefir nokkru sinni verið viðriðinn málefni

búsins, þau er nú er deilt um, og er því dómendum þessum bæði óheimilt og óskilyt, að vikja úr dómara-sæti í málinu; verður því áskorun áfrýjanda ekki tekin til greina.

Hinn stefndi Eggert Claessen hefir fyrir hönd áðurnefnds minningarsjóðs krafist, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmd til að greiða sér fyrir hönd minningarsjóðsins hæfi-legan málskostnað eftir mati dómsins.

Áfrýjandi hefir einnig stefnt fjárhaldsmanni ófull-veðja barna Ólafs Árnasonar, Oddi Gíslasyni og meðráðamanni eldri barna hans, Jóni Þórarinssyni, þó að þeir hafi eigi mótmælt kröfu hennar, en hvor-ugur þeirra hefir mætt í yfirdóminum eða látið mæta þar, og að því er meðráðamanninn snertir, ber að vísa sökinni frá dómi, með því að börnum Ólafs Árnasonar, er hlut eiga að máli, hefir eigi einnig verið stefnt.

Stefndi Eggert Claessen tekur það fram, að fyr-greindur minningarsjóður eigi kröfu að upphæð 8000 kr. á hendur dánarbúinu, og auk þess hafi verið lýst í búíð kröfum, er nemi nokkrum þúsundum króna, en aðaleignir búsins séu, auk 6000 kr. lífsábyrgðar-fjár Ólafs Árnasonar, hlutir í tveim hlutafélögum, 22000 kr. í h/f. »Ingólfi« á Stokkseyri og 20000 kr. í h/f. »Þorlákshöfn«, en þessar hlutaeignir séu mjög vafasamar, því að hagur h/f. »Ingólfs« sé að sögn alt annað en blómlegur, og þó að hagur þess væri bærilegur, sé afarerfitt að finna menn, er vilji verja fé sínu til að kaupa hluti í félaginu, og h/f. »Þor-lákshöfn« eigi ekkert, nema jörðina Þorlákshöfn, er

sé veðsett fyrir ca. 80000 kr.; séu lítil líkindi til, að meira fáiast fyrir hana og nú sé fram komin beiðni veðdeildar um nauðungarsölu á henni. Síðan Ólafur Árnason dó í júní 1915 hafi ekkert verið gert til að fullnægja kröfu minningarsjóðsins, einkum sakir þess, að áfrýjandi hafi gert alt, sem unt hafi verið, til þess að tefja skiftin og hindra það, að eignum búsin yrði komið í peninga. En á sama tíma hafi um 4000 kr. verið greiddar til meðlags með börnum áfrýjanda, og verði framhald á þessu muni allar eigur búsin ganga til þurðar, án þess að skuldheimtumenn fái greiddar skuldir sínar. Sérstaklega hefir stefndi mót-mælt því, að eitt af börnum áfrýjanda, Svanlaug, sem hefir tekið stúdentspróf, taki framfærslueyri úr búinu.

Áfrýjandi heldur því fram, að búið sé auðugt, en að öðru leyti hefir hún eigi véfengt skýrslu stefnda um hag búsin, og hún kannast við, að hafa unnið á móti því, að eigur búsin væru seldar.

Af öðrum úrskurðarmálum úr búi þessu, sem skotið hefir verið til yfirdómsins, sést það að erfingjar búsin, fjárhaldsmaður hinna ómyndugu barna og eldri börnin með meðráðamanui, hafa eigi gengið við ábyrgð á skuldum búsin, og fer því um meðferð þess eins og fyrir er mælt í 3. kapitula skiftalaganna 12. apríl 1878, en samkvæmt þeim fyrir-mælum sjá 19. gr., ber skiftaráðanda að fara sem mest eftir tillögum skuldheimtumanna um meðferð búsin, þangað til skuldir þeirra hafa verið goldnar eða þeir fengið tryggingu fyrir greiðslu þeirra. Stefndi hefir nú ekki fengið kröfu sína fyrir hönd minningarsjóðs-

ins greidda né trygða, og verður þá eigi séð, að skiftaráðandi eftir þeirri lýsingu á hag búans, sem að framan greinir og eigi er mótmælt, hafi samkvæmt tilvitnuðu ákvæði skiftalaganna haft ástæðu eða heimild til að visa á bug mótmælum stefnda eða fara lengra til móts við kröfu áfrýjanda en hann hefir gert í úrskurði sínum, enda virðist hið úrskurðaða framlag úr búinu eigi verða talið óhæfilega lágt, einkum þegar þess er gætt, að 2 af börnum áfrýjanda eru uppkomin, og að þau geta ekki átt kröfu til þess, að nánskostnaður þeirra við æðri skóla eða annar slíkur menningarkostnaður þeirra verði greiddur úr búinu, meðan eigi er fengin full vissa um, að það geti fullnægt kröfum skuldheimtumanna.

Það er eigi eftir þessu heimild til að breyta hinum áfrýjanda úrskurði samkvæmt kröfu áfrýjanda, og ber því að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir áfrýjandi eiga að greiða stefnda Eggert Claessen fyrir hönd Minningarsjóðs Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur málskostnað fyrir yfirdóm, og ákveðst hann 25 kr.

Áfrýjandi hefir í sóknarskjölum sínum fyrir yfirdóminum farið ýmsum óviðurkvæmilegum orðum um skiftaráðanda og aðra, sem koma við skifti búans; telur hún, að þeir hafi gert samtök til að ná eignum búans frá henni og börnunum með undirferli og sérdrægni, að útlit sé fyrir, að þetta illræmda félag hafi fyrir löngu verið búið að ákveða, hvað hver skyldi hreppa af hverjum bita búans, að skiftaráðandi vilji tæta eignir búans til vina og vanda-

manna og hafi sýnt hlutdrægni og eigingirni við meðferð búsin. Ennfremur viðhefir hún um þá, er hún telur andstæðinga sína, þessi ummæli: »Þjófurinn og ræninginn á ekki gripinn, þó hann fari með hann.« »Eg mótmæli þeim niðingshætti að skamta mér skit úr hnefa«, »þó svo allir æðstu djöflar landsins leggi ráð sín saman móti mér.« Fyrir þennan ósæmilega rithátt verður áfrýjandi að sæta sekt, 10 kr. til landssjóðs og 10 kr. til bæjarsjóðs Reykjavíkur.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað. Áfrýjandi Margrét Árnason greiði stefnda Eggert Claessen fyrir hönd Minningarsjóðs Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur 25 kr. í málskostnað. Svo greiði áfrýjandi og sekt 10 kr. til landssjóðs og 10 kr. til bæjarsjóðs Reykjavíkur.

Ídæmd gjöld lúkist áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaadför.

Mánudaginn 5. febrúar 1917.

Nr. 51/1916.

Sigurður Þórðarson
gegn
Sveini Guðmundssyni.